

Alþingi
Erindi nr. P 139/659
komudagur 3.12.2010

Frá: Hulda Steingrimsdóttir [huldas@akureyri.is]

Sent: 29. nóvember 2010 16:57

Viðtakandi: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Efni: Athugasemdir sem snúa atvinnu- og dagþjónustumálum fatlaðra



Sæl Sigríður

Ég sendi þér hér með athugasemdir við breytingar á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra sem snúa að atvinnu- og dagþjónustumálum fatlaðra.

Samkvæmt íslenskum alþjóðlegum samþykktum um málefni fatlaða er lögð áhersla á jafnræði með það að markmiði að allir geti setið við sama borð og sótt um þjónustu á sama stað.

Til þess að allir eigi möguleika á að sækja þjónustu á sama stað gæti lausnin í atvinnu- og dagþjónustumálum falist í að vinnumiðlun fyrir alla atvinnuleitendur væri í nærþjónustu sveitarfélaganna. Undir vinnumiðlun myndi þá heyra ráðgjafar- og atvinnuleitarþjónusta við almenna atvinnuleitendur, rekstur þjónustu fyrir þá sem eru með skerta vinnugetu; atvinna með stuðningi, starfsþjálfunarstaðir, verndaðir vinnustaðir og hæfingarstöðvar.

Vinnumálastofnun gæti áfram haft forræði yfir vinnumarkaðsaðgerðum, úrskurðað og greitt út atvinnuleysisbæturnar og landið gæti áfram verið eitt vinnusvæði. Vinnumálastofnun gæti enn fremur gegnt mikilvægu ráðgjafar og eftirlitshlutverki við þjónustuskrifstofur sveitarfélaganna ekkert ósvipað því hlutverki sem Barnaverndarstofa gegnir gangvart barnaverndarnefndum á landsvísu.

Þessi tilhögun, að þjónusta fyrir alla atvinnu og dagþjónustuleitendur væri í nærþjónustu sveitarfélaganna, fæli það í sér að öll megin þjónusta við fatlað fólk væri þá á sama stjórnsýslustigi. Það gæti enn fremur auðveldað samvinnu milli atvinnu- og dagþjónustu, búsetu- og félagsþjónustu þegar málefni fatlaðra hafa flust til sveitarfélaganna.